

Aiman Muhammad Rabi Al-Zawahiri. Fæddur 19. júní 1951 í Giza, Egyptalandi. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Fyrirverandi foringi í Egyptian Islamic Jihad, nú í nánnum tengslum við UBL;

Sa'd Al-Sharif. Fæddur í Saudi Arabíu í kringum 1969. Mágur og náinn samstarfsmaður UBL. Talinn hafa yfirumsjón með fjármálum samtaka UBL;

Saif Al-Adil. Fæddur í Egyptalandi um 1963. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Ábyrgur fyrir öryggi UBL;

Amin Al-Haq, einnig þekktur sem Muhammad Amin. Fæddur um 1960 í Nangahar í Afganistan. Afganskur ríkisborgari. Samhæfir öryggismál UBL;

Ahmad Sa'id Al-Kadr, einnig þekktur sem Abu Abd Al-Rahman Al-Kanadi. Fæddur 1. mars 1948 í Kairó, Egyptalandi. Talinn vera egypskur og kanadískur ríkisborgari;

Zain Al-Abidin Muhahhad Husain, einnig þekktur sem Abu Zubaida og Abd Al-Hadi Al-Wahab. Fæddur 12. mars 1971 í Riyadh, Saudi Arabíu. Talinn vera ríkisborgari Saudi Arabíu, Palestínu og Jórdaníu. Náinn samstarfsmaður UBL, skipuleggur ferðir hryðjuverkamanna;

Saqar Al-Jadawi. Fæddur um 1968. Talinn vera ríkisborgari Jemen eða Saudi Arabíu. Aðstoðarmaður UBL;

Bilal Bin Marwan. Fæddur um 1947. Háttsettur liðsforingi UBL.

## II. Fyrirtæki og stofnanir:

Ariana Afghan Airlines (áður Bakhtar Afghan Airlines), Afghan Authority Building, P.O. Box 76, Ansari Watt, Kabul, Afghanistan og aðrar skrifstofur þess flugfélags;

Banke Millie Afghan (einnig þekkt sem Afghan National Bank; Bank E. Millie Afghan), Jada Ibn Sina, Kabul, Afghanistan, og aðrar skrifstofur þess banka;

Da Afghanistan Bank (einnig þekkt sem Bank of Afghanistan; Central Bank of Afghanistan, The Afghan State Bank), Ibni Sina Wat, Kabul, Afghanistan, og aðrar skrifstofur þess banka;

Bankareikningur Ariana Afghan Airlines hjá Citibank, New Delhi, Indlandi;

Bankareikningur Ariana Afghan Airlines hjá Punjab National Bank, New Delhi, Indlandi;

De Afghanistan Momtaz Bank;

Agricultural Development Bank of Afghanistan (ADB), Bretlandi.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 524/1998 um útflytning á kindakjöti með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr. er hljóðar svo:

Fjöldi vetrarfóðraðra kinda á hvert ærgildi greiðslumarks skv. b-lið 1. mgr. skal taka breytingum ár hvert í samræmi við breytingar á sölu kindakjöts á innlendum markaði reiknað frá 7000 tonna árlegri sölu. Hlutfall þetta skal landbúnaðarráðherra auglýsa eigi síðar en 1. nóvember ár hvert fyrir næstkomandi almanaksár og skal hlutfallið miðað við sölu á kindakjöti á síðastliðnu almanaksári áður en auglýsing er birt.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 16. október 2001.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## REGLUR

### um farandsölu í Siglufirði.

## 1. gr.

Öllum er heimilt að stunda farandsölu í Siglufirði, enda fullnægi þeir skilyrðum laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu til að stunda slíka starfsemi og þeim skilyrðum sem sett eru í reglum þessum.

## 2. gr.

Aðili sem vill stunda farandsölu í Siglufirði, skal tilkynna til sveitarfélagsins um komu sína með sannanlegum hætti með minnst 2ja vikna fyrirvara. Í tilkynningunni skal koma fram:

- Nafn, kennitala og vsk númer rekstraraðila.
- Hvaða vörur viðkomandi hyggst selja.
- Hvar í sveitarfélaginu salan muni eiga sér stað.
- Hvenær aðili hyggst halda úti versluninni.

Með tilkynningunni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, þar á meðal staðfesting á skráningu rekstraraðila í firma- eða hlutafélagaskrá, eintak nafnspjalds skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 28/1998 og upplýsingar um fasta starfsstöð og prókúruhafa. Sveitarstjórn getur látið stöðva farandsölu, komi í ljós að upplýsingar um rekstraraðila standast ekki eða ranglega hefur verið greint frá því við tilkynningu, hvaða vörur selja á.

## 3. gr.

Haldin skal skrá yfir þá aðila sem tilkynnt hafa komu sína með farandsölu. Skráin skal vera opinber og liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins.

## 4. gr.

Sveitarfélagi er heimilt að synja aðila um leyfi til að stunda farandsölu á ákveðnum almennt viðurkenndum hátíðisdögum, s.s. frídegi verslunarmanna og helstu hátíðisdögum þjóðkirkjunnar. Synjunin skal vera skrifleg og rökstudd.